



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. mars 2001

Varðar umsögn um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði

Vísað er til erindis Nefndasviðs Alþingis dags. 21. febrúar 2001 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar Kjörsvæðis um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði merkt 389. mál.

Eftirfarandi er umsögn undirritaðs í umboði nefndarinnar.

3. gr. Eðlilegra er að rekstarleyfi sé gefið áfram út af Veiðimálastjóra sem fer að öðru leiti með stjórnsýslu og eftirlit með þessum málaflokki.

Leita ætti einnig umsagnar Hollustuverndar/heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga þar sem þessar stofnanir gefa út starfsleyfi vegna mengandi starfsemi skv. reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Það ætti að gera til að tryggja að rekstarleyfi sé ekki gefið sjálfkrafa ef t.d. starfsemi stendur sig ekki gagnvart starfsleyfi vegna mengunarvarna.

5. gr. 1. Við setninguna bætist „samkvæmt lögum þessum“. til að koma í veg fyrirskörun í eftirliti milli Veiðimálastjóra og mengunarvarnaeftirlitsfulltrúa. Greinin hljóði því svo: *1. Veiðimálastjóri skal hafa eftirlit með starfsemi fiskeldis og hafbeitarstöðva samkvæmt lögum þessum.*


5.gr. 2. Gjöld vegna eftirlits mega ekki vera hærrí en sem nemur kostnaði við þjónustuna, sbr. álit umboðsmanns Alþingis um gjaldskrá fyrir heilbrigðis og mengunarvarnaeftirlit í Reykjavík á sínum tíma. Eðlilegra er að gjöld séu innheimt skv. sérstakri gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra staðfestir og að gjöld séu byggð á rökstuddum kostnaði við eftirlitið. 3. töluliður gæti þá rúmast í gjaldskránni.

Til viðbótar við núverandi texta.

Ekki er með lögunum nægilega tryggt að erfðabreyttur fiskur sleppi ekki úr girðingum. Nauðsynlegt er að gera sérstakar kröfur til fiskheldni girðinga og flutninga þar sem slíkur fiskur er ræktaður. Fjalla þarf almennt um kröfur til búnaðar við eldi í lögunum.

Ekki er kveðið nægileg á um menntun veiðieftirlitsmanna í lögunum.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Narfáson,
framkvæmdastjóri.